


Stígamót



Ársskýrsla 1999

STÍGAMÓT

Vesturgötu 3, Reykjavík
símar 562 68 68 og 800 68 68
Fax 562 68 57

Ritstjórn: Rúna Jónsdóttir og Díana Sigurðardóttir
Tölfræðileg úrvinnsla: Stígamótakonur
Umbrot forsíðu: Einar Þór Einarsson
Umbrot og hönnun: Pétur Ágúst Hjörleifsson
© Stígamót 2000

Netfang: stigamot@stigamot.is
Vefsíða: www.stigamot.is

Ársskýrsla Stígamóta árið 1999

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.

Hinn 8. mars 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfbóðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfbóðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfbóðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfssemi sína 8. mars 1990. Í ár höldum við því upp á tíu ára starfsafmæli.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kvennapólitískra (feministískra) kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hinsvegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á kvennapólitískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þolenda og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum í 97.6% tilfella karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við litum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnæði til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að litillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þolendum þess. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Skipulag Stígamóta.

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er meðal annars tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar verið beittar kynferðisofbeldi. Menntun ein og sér tryggir ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis. Áhersla er lögð á að starfssemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem hingað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá Kvennaráðgjöf, Kvennaathvarfi og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í

stefnumarkandi málum, hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Tekjur Stígamóta eru greiðslur frá félagsmálaráðuneyti og rekstrarstyrkir frá Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Samkvæmt ársuppgjöri ársins 1999 var rekstrarkostnaður Stígamóta um sextán milljónir króna.

Á árinu voru sex starfskonur í föstu starfi hjá Stígamótum. Fastir starfsmenn voru Bergrún Sigurðardóttir, Björg Gísladóttir, Dána Sigurðardóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Theódóra Þórarinsdóttir, og Þórunn Þórarinsdóttir. Þann 1. maí var Rúna Jónsdóttir ráðin í fullt starf til þess að sinna fræðslu- og kynningarmálum og við það urðu föst stöðugildi 4. Theódóra hætti snemma árs eftir sjö ára starf og er henni þakkað mikið og óeigingjarnt starf í þágu Stígamóta. Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum var unnið utan fasts vinnutíma. Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9.00 og 19.00 alla virka daga eins og undanfarin ár.

Starfsemi Stígamóta.

Ríkjandi gildi í starfsháttum.

Kvennapólitískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þolendum þess, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum.

Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlauz fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð þolenda við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að þeir sem hingað leita séu "sérfræðingarnir" það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsvænna og þeirra sem aðstoðar leita.

Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspeglar í öllu starfi hvort heldur er um að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja það í orð, eru fyrstu skrefin í þá veru að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu þolenda. Þolendur ráða sjálfir ferðinni, hve mikinn stuðning þeir vilja og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfsvænna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðisofbeldis. Aðstandendur þolenda, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Starfsvænur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hluti þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Það er einkum fólk á landsbyggðinni sem notfærir sér þessa leið, bæði þolendur, aðstandendur þeirra og fólk í barnaverndarnefndum svo og kennarar og leikskólakennarar, sem hafa grun um að barn í þeirra umsjá kunni að hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Hefur þessi ráðgjöf aukist marktækt eftir tilkomu ókeypis símaþjónustu í gegnum síma 8006868.

Sjálfshjálparhópar.

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Reynslan af sjálfshjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja þangað styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í starfi okkar höfum við orðið varar við að afleiðingar kynferðisofbeldis valda fjölmörgum konum erfiðleikum í kynlífi. Umræðuhópur um kynlíf er ein leið til að vinna bug á þeim erfiðleikum. Einn umræðuhópur um erfiðleika í kynlífi starfaði á árinu. Reiðihópur er hópur til að vinna á reiðinni. Markmið hópsins er að nýta ákveðnar leiðir til að fá útrás fyrir reiði. Tveir slíkir hópar störfuðu á árinu.

Í hverjum sjálfshjálparhópi eru að jafnaði 5-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hafa unnið úr þeirri sáru reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili. Árið 1999 störfuðu 13 sjálfshjálparhópar á Stígamótum. Það voru 7 sífjaspellahópar, einn nauðgunarhópur, tveir unglingshópar, tveir reiðihópar og kynlífhópur. Að vanda var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum síðastliðið haust.

Börn og unglingar.

Með tilkomu Barnahússins skapaðist vettvangur þar sem safnað var á einn stað þverfaglegri þjónustu við börn sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmiðið var að vanda eins og kostur er rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og að tryggja að börn þyrftu ekki að þeytast á milli aðila og staða og margsegja sögu sína. Til Barnahússins geta barnaverndarnefndir leitað hvaðanæva af landinu. Með tilkomu nýrra laga 1. maí sl. urðu þær breytingar á, að dómurum var ætlað að koma að kynferðisbrotamálum á rannsóknarstigi og þykir það auka sönnunargildi yfirheyrslna. Dómurum var um leið gert að ákveða sjálfir hvar yfirheyrslurnar færu fram og hvort þeir nýttu sér aðstoð fagfólks. Komið var upp viðtalsherbergi í Héraðsdómi Reykjavíkur og væntanlega munu slík herbergi einnig verða útbúin í öðrum landsfjórðungum. Eftir þetta hafa dómarmarkvisst sniðgengið Barnahúsið. Þar sem Barnahúsið er tilraunaverkefni er óvíst um framtíð þess. Barnaheill, Stígamót og yfir 30 önnur samtök hafa sent áskorun til dómsmálaráðherra um að tryggja og efla starf Barnahússins.

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó hingað og leita ráða um hvernig þau eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd eða lögreglu.

Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir mjög árangursríku hópstarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

Símabjónusta

Því miður er ekki til tölfraðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símabjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast okkur upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þykir okkur því fylgja mikil ábyrgð og höfum við hug á að safna skipulega þessum upplýsingum.

Útihátíðir.

Eins og á undanförunum árum gengust Stígamót fyrir sérstöku átaki gegn nauðgunum í tengslum við útihátíðir um verslunarmannahelgi. Ákveðið var að leggja megin áherslu á forvarnarstarf þetta ár eins árin á undan. Handhægur fræðslubæklingur fyrir ungmenni um nauðgun, hvað væri hægt að gera til þess að reyna að forðast nauðgun og hvað ætti að gera væri einhverjum nauðgað er til hjá Stígamótum og var sendur til mótshaldara útihátíða þar sem þeirra var óskað. Í ár var hvergi óskað eftir samvinnu við Stígamót í tengslum við útihátíðir, en á nokkrum stöðum var komið upp teyrum heilbrigðisstarfsfólks og lögreglu. Stígamótakonur tóku þó virkan þátt í fjölmiðlaumræðunni.

Ráðstefnur og alþjóðatengsl.

Fulltrúi Stígamóta sótti Kvennasmiðju Vestnorræna ráðsins í Færeyjum 4.-7. júní sl. Í smiðjunni voru leiddar saman konur með sérþekkingu ýmis konar. Verkefnið var að gera úttekt á stöðu mála í hverju landi fyrir sig og að koma með sameiginlegar tillögur til vestnorrænu þinganna um aðgerðir til úrbóta.

Rúna Jónsdóttir fulltrúi Stígamóta flutti opunarerindið á sjöttu norrænu kvennaathvarfaráðstefnu í Gjövík í Noregi í september og talaði um hálfannleikann um kynferðisofbeldi. Í sömu ferð heimsótti hún systursamtök okkar í Danmörku og Noregi og var það liður í undirbúningi norrænnar incestsentraráðstefnu á Íslandi.

Frá Svíþjóð komu starfskonur Ríksskinnocentrum í heimsókn til Stígamóta. Ríksskinnocentrum er kvennapólitísk rannsóknar- og móttökumiðstöð fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Á Íslandi sóttum við þær ráðstefnur, fundi og námskeið sem snertu kynferðisofbeldi og var í nokkrum tilfellum um áhugaverða erlenda fyrirlesara að ræða. Má þar nefna Ninni Hagmann frá Svíþjóð, en hún hefur sérhæft sig í aðgerðum gegn kynferðislegri áreitni. Við hlustuðum á bandaríska barnalækninn Martin Afinkel sem fjallaði um hvernig þekking mætti merki eftir kynferðisofbeldi hjá börnum og einnig sóttum við námskeiðið "Aðgerðir gegn ofbeldi" hjá Endurmenntunarstofnun, þar sem sérfræðingar Evrópuráðsins á þessu sviði héldu erindi.

Námskeið, heimsóknir og fræðslufundir á vegum Stígamóta

Á þeim tíu árum, sem Stígamót hafa starfað, hafa starfskonur sinnt námskeiða- og fræðslustarfi. Beiðnir um námskeið og fræðslufundi um kynferðisofbeldi hafa borist víðs vegar að af landinu, oftast að frumkvæði skóla eða félagsmálaráða í byggðarlögunum. Mörg félög hafa einnig falast eftir fræðsluerindum á fundum sínum og starfskonur hafa rætt um þessi mál við nemendur í efstu bekkjum nokkurra grunnskóla. Á árinu voru haldin mörg fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess í skólum og á vegum ýmissa félagasamtaka.

Talsverður fjöldi skólafólks úr efstu bekkjum grunnskóla, á framhalds- og á háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðisofbeldi, sem þau voru að vinna að. Þess má sérstaklega geta að félagsráðgjafarnemar heimsóttu Stígamót sl. vor. Þessir nemendur hafa bæði fengið kynningu á starfi Stígamóta, lesefni um málaflokkinn og ábendingar um frekari heimildir.

Starfsfólk Barna- og unglíngageðdeildar heimsótti Stígamót og við fórum í heimsókn til þeirra. Anni Haugen frá Barnaverndarstofu var boðin í morgunkaffi og starfskonur fóru í heimsókn á Neyðarmóttöku vegna nauðgana og stefnt er að heimsóknum á fleiri staði.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Á haustmánuðum var tekin upp sú nýbreytni að bjóða völdum hópum í eftirmiðdagskaffi til þess að kynna starfsemina og ná tengslum við ólíka hópa. Byrjað var á að bjóða fulltrúum allra þingflokka í heimsókn. Þingmönnum var sagt frá starfseminni og þeim kynntar hugmyndir að nokkrum

stefnumarkandi þingmálum. Félagsmálastjórar og formenn félagsmálaráða á höfuðborgarsvæðinu voru næsti hópur og lýsti sá hópur ánægju sinni með heimsóknina, en einnig skilaði aukinn skilningur sér í beinum fjárframlögum frá nágrannasveitafélögum Reykjavíkur við afgreiðslu fjárhagsáætlana fyrir árið 2000.

Opið hús

Í ár eins og fyrri ár, var “opið hús” fyrir Stígamótakonur einu sinni í mánuði. Ýmsir gestir sóttu Stígamót heim og töluðu um homopati, listmeðferð, kvennaguðfræði, vistvæn samfélög, reiðivinnu, kynjaðar hugmyndir og höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun. Þessi vettvangur hefur m.a. reynst góður fyrir konur sem kynnst hafa í hópstarfi til þess að viðhalda kynnum sínum.

Stígamótafréttir

Í gegnum tíðina hefur verið sent út fréttabréf frá Stígamótum þegar þurfa hefur þótt. Í haust var ákveðið að færa út kvíarnar og Stígamótafréttum var komið á laggirnar. Stígamótafréttum er ætlað að greina ýtarlega frá starfseminni hverju sinni og eiga að tryggja upplýsingaflæði á milli okkar og umheimsins. Áskrift að Stígamótafréttum er ókeypis og öllum heimil. Á póstlista nú eru um 350 manns.

Vinnuferð starfskvenna í Ölfusborgir

Í byrjun sumars var hefðbundið starf brotið upp og lögðust starfskonur í hugmyndavinnu. Vinnan fór fram í sumarbústað utan Reykjavíkur og var farið yfir alla helstu þætti starfsins. Tilfnið var m.a. nýr starfskraftur og nýskilgreint starfssvið. Að auki hristist hópurinn saman, styrktist og efldist.

Haustfundur í Hlaðvarpanum

Vetrarstarfið hófst með opnum fundi fyrir vinkonur og velunnara Stígamóta. Kynntar voru hugmyndir að innra starfi, fræðslu- og kynningarstarfi og pólitískri starfsemi. Markmiðið var að virkja grasrótina og fá til liðs við okkur áhugasamar konur. Mæting var góð og fram komu þarfar ábendingar og hugmyndir. Ákveðið var að gera haustfund að föstum lið í starfinu, eins konar aðalfundsígildi.

Klámumræðan

Stígamótakonur auglýstu þann 4. október sl. umræðufund um klámvæðinguna á Íslandi. Áður höfðum við farið á stúfana og heimsótt þrjá nektarstaði, rætt við stúlkur frá Austur-Evrópu og haft með okkur karlmann sem fékk ýmis konar tilboð sem ekki var getið um í þeim verðskrárm sem hengu á veggjunum. Fundurinn vakti mikla athygli fjölmiðla og svo margir mættu að húsakynni Stígamóta voru allt of lítil og var fundurinn fluttur yfir í Hlaðvarpanum. Í framhaldi af fundinum létu ýmsir kvennahópar til sín taka, héldu fundi, heimsóttu nektarstaði og skrifuðu ályktanir.

Umræðan barst inn á Alþingi þar sem utandagskrárumræða byggði á upplýsingum frá Stígamótum. Lýstu þingmenn allra flokka andstygð sinni á þróuninni. Þann dag vorum við Stígamótakonur reglulega bjartsýnar á að stjórnvöld tækju af skarið og stoppuðu hin dulbúnu vændishús. Haft var samband við þá þingmenn sem mestan áhuga höfðu sýnt í heimsókninni til okkar og stungið uppá frumvarpi sem bannaði rekstur kynlífssölustaða. Áður höfðum við stungið uppá að íslensk lög tækju upp lagaákvæði Svía um að banna kaup á kynferðislegri þjónustu.

Þjónusta við landsbyggðina

Í ár gerðum við sérstakt átak til þess að auka þjónustu við landsbyggðina. Þann 8. mars var tekið í notkun nýtt 800- númer sem er ókeypis símaþjónusta. Þannig var konum landsbyggðarinnar boðið uppá símaviðtöl á kostnað Stígamóta til þess að veða uppá móti aðstöðumuni þeirra og kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Nýttu margar konur sér hana og voru í reglulegu símasambandi við starfskonur

Stígamóta. Hannað var veggspjald sem sent var vítt og breitt um landið til þess að kynna þessa nýju þjónustu. Að auki var öllum svæðisbundnum fjölmiðlum send fréttatilkynning frá Stígamótum og var því sums staðar fylgt eftir með greinaskrifum.

Vefsíða opnuð

Þann 8. mars sl. var heimasíða Stígamóta opnuð af borgarstjóranum í Reykjavík. Hún hefur síðan verið í þróun hjá okkur og hefur slóðina www.stigamot.is

Fjölmiðlaumræða

Stígamót hafa áunnið sér þann sess í þjóðmálaumræðunni að álits okkar er leitað þegar kynferðisofbeldi ber á góma. Þannig tóku Stígamót virkan þátt í fjölmiðlaumræðunni í tengslum við hæstaréttardóm nr. 286/1999. Sá dómur var á þá lund að maður var sýknaður af alvarlegum ákærum dóttur sinnar um ítrekaðar nauðganir sem náðu yfir mörg ár. Framburður stúlkunnar var studdur af vitnum sem orðið höfðu fyrir áreitni mannsins, maðurinn viðurkenndi brot sitt að hluta og sjónarvottar voru að kynferðislegum tilburðum mannsins. Fagfólk sem hitti stúlkuna var sammála um trúverðugleika hennar. Maðurinn hafði áður verið kærður fyrir kynferðislega hegðun og í það skipti hafði orðið dómssátt. Sjö af ellefu dómurum fundu manninn sekan, en niðurstaðan varð sýkna. Frá bæjardyrum Stígamóta séð og fjölmargra annarra, var þessi niðurstaða skýr skilaboð til þjóðarinnar um að réttarkerfið væri ófært um að ná utanum kynferðisbrotamál. Kynferðisglæpamenn væru saklausir uns sekt þeirra sannaðist og sekt þeirra sannaðist alls ekki, þeir væru því ósnertanlegir. Það sem gerir þennan dóm enn alvarlegri er fordæmisgildi hans í framtíðinni og hættan á að fólk kæri alls ekki kynferðisglæpi.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 1999 leituðu 352 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 213 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 1999 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 213 einstaklinga.


Frá stofnun Stígamóta 1990 til ársloka 1999 hafa 2811 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að 4312 ofbeldismenn hafa beitt þessa þolendur kynferðisofbeldi.

Það er ljóst af þessum tölum að sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar okkar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 1999 og hins vegar er þar að finna í nokkrum tilvikum samanburð á átta síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

Tafla 1a) Skipting þolenda eftir kyni.

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	192	96,1%
Karlar	21	3,9%
	213	100%



Tafla 1a sýnir að Stígamót ná væntanlega betur til þeirra kvenna sem á hjálp þurfa að halda, en karla. Körlum hafði fjölgað frá 1992 til ársins 1996 þegar þeir voru 8.6% þolenda, eru nú komnir niður í 3.9%. Vandaðar erlendar rannsóknir á tíðni sífjaspella benda til að um 10-20% stúlkna hafi orðið fyrir sífjaspellum fyrir 18 ára aldur og að einn drengur á móti hverjum fjórum stúlkum verði fyrir sífjaspellum (Russell 1986). Samkvæmt þessum tölum ættu þeir því að vera um 25% þeirra sem til okkar leita.


Tafla 1b) Fjöldi viðtala árið 1999.

Fjöldi einstaklinga 352	Þar af ný mál 213	Heildarfjöldi viðtala 1813
----------------------------	----------------------	-------------------------------

Fjöldi þeirra sem leitað hafa árlega til Stígamóta minnkaði allt frá árinu 1994 og fram til 1998. Það hefur þótt eðlilegt í ljósi þess að fram til þess að Stígamót urðu til, fundust fá úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þörfin fyrir þjónustu okkar var því væntanlega uppsöfnuð. Í fyrsta skipti í ár var um fjölgun að ræða úr 178 nýjum málum á síðasta ári, í 213 ný mál í ár, en það er fjölgun um 19.7%.

Tafla 1c) Fjöldi viðtala eftir mánuðum árið 1999.

Fjöldi nýrra einstaklinga skiptist þannig eftir mánuðum skiptist þannig:




Að meðaltali voru ný viðtöl 17 á mánuði. Engar einhlítar skýringar eru á því hvernig fjöldi skiptist á milli mánaða. Þó má geta þess að í mars var heimasíða Stígamóta opnuð og í nóvember voru Stígamót mikið í fjölmiðlaumræðunni vegna mjög umdeilds hæstaréttardóms. Engar skýringar höfum við á metaðsókn í júnímánuði.

Tafla 2 a) Ástæður þess að leitað er til Stígamóta 1999

	fjöldi	hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	145	63,9%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	62	27,3%
Grunur um sifjaspell	4	1,8%
Grunur um nauðgun	2	0,9%
Kynferðisleg áreitni	11	4,8%
Klám	3	1,3%
Samtals	227	100%


Þeir einstaklingar sem til okkar leita, koma gjarnan af fleiri en einni ástæðu. Þess vegna eru ástæðurnar fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber mörg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af

svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum, en getur ekki munað hvað gerðist. Grunur um nauðgun er t.d. þegar viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir lyfjanaugðun, en minnisleysi veldur því að konan þjáist af óvissu um hvað raunverulega gerðist. Konur hafa komið hingað vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu.




Athygli skal vakin á því að vændi er ekki nefnt í þessari upptalningu. Ástæðan er sú að engin kom hingað vegna þess. Hins vegar koma það fram í viðtölum við nokkrar konur að þær hefðu einhvern tíma stundað vændi og þá í öllum tilfellum til þess að fjármagna fíkniefnaneyslu. Í símaviðtölum komu einnig fram upplýsingar um vændi.

Tafla 2 b) Samanburður milli ára



Tafla 3) Hverjir leita til Stígamóta í fyrsta viðtal 1999?

	fjöldi	hlutf.
Polandi	204	95,8%
Foreldrar polanda	4	1,9%
Móðir polanda	2	0,9%
Maki	3	1,4%
Samtals	213	100%




Tafla 4 a/b) Aldur þolenda þegar ofbeldið var framið og aldur þegar aðstoðar var leitað árið 1999.

Tafla 4a sýnir aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta, en í töflu 4b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir eru á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 88.2 % þegar leitað er aðstoðar. Ofbeldið er hins vegar framið í 73% tilfella þegar viðkomandi voru innan við 16 ára aldur.

Leitað til Stígamóta	Fjöldi	Hlutf.
0 - 4 ára	0	0,0%
5 - 10 ára	3	1,4%
11 - 15 ára	13	6,1%
16 - 18 ára	17	8,0%
19 - 29 ára	84	39,4%
30 - 39 ára	52	24,4%
40 - 49 ára	35	16,4%
50 - 59 ára	5	2,3%
60 ára og eldri	4	1,9%
	213	100%

Ofbeldi Framið	Fjöldi	Hlutf.
0 - 4 ára	3	1,4%
5 - 10 ára	125	58,7%
11 - 15 ára	29	13,6%
16 - 18 ára	32	15,0%
19 - 29 ára	19	8,9%
30 - 39 ára	3	1,4%
40 - 49 ára	1	0,5%
50 - 59 ára	0	0,0%
60 ára og eldri	1	0,5%
	213	100%

Tafla 4 c) Súlurit, samanburður á aldri þolenda þegar leitað er aðstoðar og aldri þolenda þegar ofbeldið er fram



Súluritið 4c sýnir annars vegar aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 1999. Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta í tíu ár er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að leita aðstoðar vegna þessara mála og gera það ógjarnan fyrir en afleiðingar ofbeldisins eru orðnar afar þungbærar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður polenda.

Tafla 5) Uppeldisaðstæður polenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Kynforeldrar	176	83%
Ættleidd	0	0%
Fósturforeldrum	3	1%
Móður	10	5%
Föður	0	0%
Móður og stjúpa	21	10%
Föður og stjúpu	0	0%
Afa og ömmu	1	0%
Óvíst	2	1%
	213	100%




Flestir polendur, sem leituðu til Stígamóta árið 1999 eða 82.6 % ólust upp hjá kynforeldrum.

Tafla 6) Hjúskaparstaða polenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleyp	73	34,3%
Í sambúð	44	20,7%
Gift	55	25,8%
Fráskilin	18	8,5%
Er að skilja	2	0,9%
Ekkja	1	0,5%
Börn	20	9,4%
	213	100%


Tölur 6 og 7 sýna hjúskaparstöðu polenda þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna þeirra. Í töflunni kemur fram að tæplega helmingur polenda eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að 33 þeirra sem leita aðstoðar eru 18 ára og yngri (sbr. tafla 4a)




Tafla 7) Fjöldi barna þolenda.

	Fjöldi	Hlutf.
Barnlaus	95	44,6%
Eitt barn	31	14,6%
Tvö börn	47	22,1%
Þrjú börn	33	15,5%
Fjögur börn	5	2,3%
Fimm börn	2	0,9%
	213	100%

Tafla 8 a) Menntun þolenda.



Tafla 8 b) Atvinna þolenda.




Töflurnar og súluritinn hér að ofan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þolenda er margbreytilegur. Tölur ársins 1999 sýna að 29% eru við nám og 34% hafa hætt skólagöngu eftir skyldunám, rúmlega helmingur fer í framhaldsnám, sem er mun hærri tala en fyrri ár og 2 þolendur luku ekki skyldunámi.

Árið 1992 voru 5% þolenda atvinnulausir, 1993 voru þeir 9% en árið 1994 er hlutfallið 7,8%, árið 1995 er hlutfallið hið sama eða 7,8%. Árið 1996 er hlutfall atvinnulausra 8,2% og árið 1997 eru 3% þeirra er leita til Stígámóta atvinnulausir. Árið 1998 eru þeir 5,6% og árið 1999 5%.

Eins og töflurnar sýna koma þolendur kynferðisofbeldis úr öllum starfsstéttum og menntun þeirra er mismunandi.


Tafla 9) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað.

	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	83	39,0%
Kópavogi	6	2,8%
Hafnarfirði	10	4,7%
Seltjarnarnesi	4	1,9%
Garðabæ	1	0,5%
Mosfellsbæ	8	3,8%
Úti á landi	90	42,3%
Erlendis	8	3,8%
Óvíst um staðinn	3	1,4%
	213	100%



Tölurnar í töflunni taka aðeins til þess staðar sem þolendur urðu fyrst fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í 36,4-54,5% tilvika. Árið 1999 búa 51% þolenda á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir verða fyrst fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 10 a) Búseta þolenda þegar leitað er til Stígamóta árið 1999.



Tafla 10 b) Búseta; samanburður milli ára.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
%	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.
Reykjavík	54,4	66	58,4	62,9	62,1	60,5	67,4	59,6
Kópavogur	9,9	3,2	3,2	7,8	4,7	7	3,4	5,6
Hafnarfjörður	8,4	6,8	8,7	5,3	5,1	4,7	6,7	7,5
Seltjarnarnes	0,4	0,3	0,9	1,1	0	0	0,6	3,8
Garðabær	2	1,9	2	0	0,8	1,9	0,6	1,9
Mosfellsbær	0,7	2,9	1,7	2,1	0,8	1,4	0	3,3
Út á landi	23,1	17,8	25,1	18,7	25,4	22,8	18	17,4
Erlendis	1,1	1	0	2,1	1,2	1,9	3,4	0,9
Fjöldi	454	309	346	283	256	215	178	213


Súlurit 10a sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 1999. Við höfum orðið áþreifanlega varar við það í starfinu hversu miklum erfiðleikum það er bundið fyrir fólk sem býr úti á landi að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis, sem það hefur verið beitt. Þrátt fyrir það búa 18% þeirra sem leita aðstoðar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ótrúlega margir láta fjarlægðina frá höfuðborginni ekki aftra sér frá því að leita sér aðstoðar á Stígamótum. Íbúar landsbyggðarinnar notast einnig við símann til þess að leita sér stuðnings og aðstoðar.

Í töflu 10b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 1999.

Um ofbeldisverkin.

Tafla 11) Líkamlegt ofbeldi í bernsku.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	34	16,0%
Nei	175	82,2%
Ekki vitað	4	1,9%
	213	100,0%



Eins og sjá má á töflu 11 höfðu 34 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 1999 eða 16% búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.

Tafla 12) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	27	13%
Nei	157	73%
Á ekki við	29	14%
	213	100%

Í töflu 12 kemur fram að 13% þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 1999 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 11,2% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

Tafla 13) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	
Eitt skipti	14,30%	21,40%	13,10%	19,50%	16,40%	12,40%	13,20%	4	2,7%
0-3 mánuði	11,30%	8,70%	11,80%	7,30%	8,20%	3,90%	5,10%	15	10,1%
4-6 mánuði	4,70%	6,80%	3,70%	2,90%	8,70%	5,60%	2,90%	4	2,7%
7-11 mánuði	7,60%	5,30%	4,10%	3,40%	3,70%	7,90%	3,70%	7	4,7%
Eitt ár	6,10%	5,80%	6,50%	6,80%	5,00%	5,60%	8,80%	19	12,8%
Tvö ár	8,50%	10,20%	12,20%	13,20%	15,10%	8,40%	16,20%	27	18,1%
Þrjú ár	8,70%	7,80%	9,40%	11,20%	15,10%	15,20%	10,30%	19	12,8%
Fjögur ár	9,90%	10,20%	11,40%	9,30%	9,60%	7,30%	10,30%	17	11,4%
Fimm ár	7,00%	6,30%	5,30%	8,80%	9,60%	10,70%	11,00%	10	6,7%
Sex ár	5,00%	4,90%	4,10%	4,90%	1,80%	5,10%	5,90%	7	4,7%
Sjö ár	3,20%	3,90%	5,30%	1,50%	0,90%	2,80%	1,50%	2	1,3%
Átta ár	5,00%	2,40%	5,70%	4,90%	1,40%	2,80%	1,50%	3	2,0%
Níu ár	3,50%	1,90%	1,20%	1,50%	0,50%	1,10%	1,50%	3	2,0%
Tíu ár	0,90%	1,50%	3,30%	2,40%	3,70%	1,10%	1,50%	3	2,0%
Lengur	4,40%	2,90%	2,90%	2,40%	0,50%	3,90%	0,00%	0	0,0%
Óvíst	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	6,20%	6,60%	9	6,0%
Fjöldi	343	206	245	205	219	178	136	149	

Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist þolendum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar.

Tafla 14) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	71	26,7%
Á heimili þolanda	31	11,7%
Á heimili ofbeldismanns	75	28,2%
Á vinnustað þolanda	4	1,5%
Á vinnustað ofbeldismanns	22	8,3%
Á víðavangi/leikvelli	12	4,5%
Sumardvöl	18	6,8%
Á útihátíð	5	1,9%
Á skemmtistað	1	0,4%
Annars staðar	25	9,4%
Óvíst	2	0,8%
Samtals	266	100,0%


Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þolanda og ofbeldismanns; á heimili þolandans eða heimili ofbeldismanns.

Í töflunni sem merkt er "annars staðar" eru um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.


Tafla 15a) Sagði þolandi frá ofbeldinu.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	50	23,5%
Nei	161	75,6%
Óvist	2	0,9%
	213	100%

	Fjöldi
Móður	30
Föður	6
Systkini	4
Börnunum sínum	1
Öðrum í fjölskyldunni	4
Vini/vinkonu	18
Fagaðila	7
Öðrum utan fjölskyldu	6
	76




Tafla 15b) Var viðkomandi trúað?



Tafla 15a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 1999 er það tæplega 1/4 hluti, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum þolandi sagði þá frá, en í 14% tilvika var það móðir þolanda. Súluritið sýnir samanburð milli ára.

Tafla 15b sýnir að af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 1999 og sögðu frá ofbeldinu var 43 eða 86% þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.

Tafla 16) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis.




Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem þolendur nefna oftast. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huga þolenda og valda miklu hugarangri. Sektarkennd, skömm, léleg sjálfsmynd, depurð og þunglyndi og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfssköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

Á síðast liðnum árum hefur vaxandi fjöldi þeirra kvenna sem leita aðstoðar Stígamóta vegna kynferðisofbeldis í bernsku sagt frá að þær hafi stundað vændi tímabundið á unglings- og fullorðinsaldri. Þetta á einnig við um karla. Í öllum tilvikum hefur vændið verið tengt áfengis- og eiturlyfjaneyslu og verið leið til að fjármagna neysluna. Við höfum ekki skráð nákvæmlega fjölda þessara einstaklinga en lausleg áætlun bendir til að fjöldi þeirra sé milli 20 og 35 á árunum 1995 - 1999.

Tafla 17 a) Sjálfsvígstilraunir þolenda.

	Fjöldi
Já	31
Nei	175
Ekki vitað	7
	213




Tafla 17 b) Samanburður milli ára.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Já	16,0%	14,2%	16,5%	19,1%	14,5%	13,0%	15,2%	14,6%
Nei	84,0%	85,8%	83,5%	80,9%	85,5%	87,0%	84,8%	82,2%
Samtals	456	309	346	283	256	215	178	213

Af þeim þolendum sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 1999, höfðu 31 eða 14% gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga, sem er aðeins lægra hlutfall en frá árinu áður. Í töflu 17b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.


Tafla 17 c) Sjálfsvígshugsanir þolenda.

	Fjöldi
Já	138
Nei	55
Ekki vitað	20
	213




Um 65% þeirra sem til Stígamóta leituðu lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Þetta er mun hærra hlutfall en árið áður, þegar um 45% þolenda lýstu slíku sálarástandi. Það er til marks um alvarleika afleiðinga kynferðisofbeldis að þeir sem fyrir því verða, kjósi jafnvel dauðann framyfir líðan sína.

Tafla 18) Hvar hafa þolendur leitað aðstoðar þegar þeir koma til Stígamóta?



Tafla 19 a) Tengsl þolenda við ofbeldismenn.



Í töflu 19a kemur fram að 248 ofbeldismenn höfðu beitt þá 213 einstaklinga sem leituðu til Stigamótu árið 1999, kynferðisofbeldi. Af töflunni má því ljóst vera að hluti þolenda hefur verið beittur ofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni. Súluritið sýnir tengslin milli þolenda og ofbeldismanna. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 8.1% ofbeldismannanna sem þolendur nefna árið 1999 eru þeim ókunnugir. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 19 b) Samanburður milli ára frá árinu 1992.

Sifjaspell	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Faðir	18,2%	11,3%	11,5%	15,2%	8,7%	18,5%	19,4%	14,1%
Móðir	0,2%	0,0%	0,5%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%
Stjúpfaðir	9,5%	6,9%	8,8%	7,2%	6,8%	9,6%	6,5%	3,8%
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,9%	0,0%	0,7%	0,0%
Afi	8,5%	8,2%	7,7%	8,4%	7,3%	9,6%	9,4%	8,3%
Amma	0,2%	0,0%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Bróðir	10,6%	14,8%	9,6%	13,9%	14,6%	11,2%	12,9%	15,4%
Systir	0,2%	0,7%	0,5%	0,4%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%
Frændi/frænka	26,4%	29,3%	24,5%	22,8%	19,2%	14,0%	25,9%	16,0%
Vinur/kunningi	26,2%	28,5%	36,5%	14,3%	16,9%	3,9%	10,8%	11,5%
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Ókunnugur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,8%	0,0%	1,9%
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	5,5%	5,6%	5,8%	8,3%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	8,9%	17,4%	16,9%	6,5%	10,9%
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Umsjáraðili utan fjölsk.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	7,7%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	1,7%	2,7%	6,7%	2,2%	0,6%
	473	231	364	237	219	178	139	156

Nauðgun	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Faðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Bróðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Frændi/frænka	4,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%
Vinur/kunningi	51,1%	41,7%	46,8%	52,5%	72,2%	47,4%	47,6%	66,2%
Maki	15,1%	17,7%	17,1%	16,2%	10,5%	17,5%	12,7%	9,5%
Ókunnugur	29,9%	40,6%	36,1%	23,4%	15,0%	21,6%	27,0%	23,0%
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1,5%	4,1%	4,8%	1,4%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,8%	1,0%	4,8%	0,0%
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Umsjáraðili utan fjölsk.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	0,0%	6,2%	3,2%	0,0%
	278	192	158	154	133	97	63	74


Í töflu 19b eru tengsl ofbeldismanna við þolendur borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar. en 9.5% þolenda hafa búið við slíkt ofbeldi.

Kærð mál.

Tafla 20) Kært til barnaverndarnefndar og hver kærði?

	Fjöldi
Já	17
Nei	136
Óvíst	3
	156

	Fjöldi
Polandi	1
Móðir	13
Foreldrar	3
	17



Tafla 21) Kært til lögreglu og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	26	10%
Nei	215	87%
Óvíst	7	3%
	248	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	11	42,3%
Foreldrar	4	15,4%
Móðir	8	30,8%
Barnaverndarnefnd	1	3,8%
Aðrir	2	7,7%
	26	100%

Tölur 20 og 21 sýna hve mörg þeirra kynferðisofbeldismála sem leitað var með til Stígamóta 1999 voru kærð til barnaverndarnefnda og/eða lögreglu. Í ljós kemur að 11% málanna voru kærð til barnaverndarnefnda og 10% til lögreglu. Af þeim 17 málum sem kærð voru til barnaverndarnefnda voru 11 líka kærð til lögreglu. Færri mál voru kærð til barnaverndarnefnda en áður og hefur tilkoma Barnahúss eflaust breytt heildarmyndinni. Af þeim málum sem til Stígamóta berast, komast aðeins 17% til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast hingað, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og réttarkerfið.

Af tölum 22-24 hér á eftir má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómkerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það.

Tafla 22) Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi
Já	8
Málið er í vinnslu	14
Málið var felld niður	4
	26

Tafla 23) Hvernig var dæmt í málinu í héraði ?


	Fjöldi
Dæmdur í fangelsi	7
Dómur ekki fallinn	1
	8

Tafla 24) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?

	Fjöldi
Dómur ekki fallinn	2
Málinu ekki vísað í hæstarétt	5
	7

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn.

Tafla 25) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra.



	Fjöldi
Kona	6
Karl	242
	248

Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að karlar eru 97.6% þeirra sem að beitt hafa þá þolendur kynferðisofbeldi, sem til Stígamóta leituðu 1999 eins og undanfarin ár. Kynferðisofbeldi eins og það birtist okkur á Stígamótum er því fyrst og fremst karlaofbeldi.

Tölulegar upplýsingar um félagslega stöðu ofbeldismanna.

Tafla 26) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
1-10 ára	2,9%	0,4%	0,6%	0,5%	0,3%	0,3%	0,9%	0,4%
11-15 ára	7,9%	14,3%	15,3%	16,0%	17,2%	12,6%	14,4%	8,1%
16-18 ára	14,6%	11,0%	12,3%	9,3%	13,9%	8,2%	11,6%	10,9%
19-29 ára	20,9%	20,7%	18,8%	24,3%	19,9%	19,1%	16,7%	25,4%
30-39 ára	21,9%	23,4%	20,5%	23,1%	23,0%	19,5%	23,1%	16,5%
40-49 ára	11,6%	11,4%	10,5%	8,4%	8,2%	12,3%	12,0%	14,1%
50-59 ára	5,0%	5,6%	5,7%	5,2%	6,3%	5,1%	5,6%	5,6%
60 ára og eldri	3,2%	5,0%	8,4%	7,1%	6,6%	5,8%	1,9%	3,2%
Óvíst	12,1%	8,3%	7,9%	6,1%	4,6%	17,1%	13,9%	15,7%
Fjöldi	786	483	525	407	366	283	216	248


Tafla 26 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 27) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Er í skyldunámi	4,2%	14,7%	4,4%	10,6%	12,6%	4,4%	5,1%	9,3%
Er í framhaldsskóla	1,1%	6,6%	4,0%	7,4%	8,5%	4,1%	8,8%	10,9%
Er í háskóla	0,8%	0,8%	0,4%	1,2%	1,6%	2,0%	2,3%	1,2%
Lokið skyldunámi	22,8%	54,5%	55,4%	56,8%	54,9%	57,0%	57,4%	38,7%
Lokið framhaldsskóla	3,8%	8,7%	11,3%	8,1%	5,5%	8,5%	10,2%	13,3%
Lokið háskóla	2,9%	4,3%	3,1%	3,9%	4,6%	4,8%	7,4%	2,8%
Lokið öðru sérnámi	7,1%	6,8%	5,9%	6,4%	5,7%	6,5%	2,3%	4,0%
Lauk ekki skyldunámi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Óvíst	57,3%	3,5%	15,5%	5,7%	6,6%	12,6%	6,5%	19,8%
Fjöldi	786	483	522	407	366	293	216	248

Tafla 27 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita þolendur kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

Tafla 28) Atvinna ofbeldismanna.




Tafla 28 sýnir atvinna ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Tafla 29) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið.

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleypur	69	27.8%
Í sambúð	31	12.5%
Giftur	71	28.6%
Ekill	3	1.2%
Innan 18 ára	33	13.4%
Óvíst	41	16.5%
	248	100,0%

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið er framið. Tæplega helmingur þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

Tafla 30) Börn ofbeldismanna í dag.



Af töflu 30 má sjá að 108 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn og 23 af þeim hafa beitt eigin börn sífjaspellum svo vitað sé.

Stiqamət
